

Samþykkt fyrir Öldungaráð Blönduósþæjar

1. gr.

Umboð

Öldungaráð Blönduósþæjar starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Verksvið

Öldungaráðið skal vera sveitarstjórn og nefndum Blönduósþæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Blönduósþæjar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varðar verksvið þess.

3. gr.

Hlutverk

Öldungaráðið er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Blönduósþæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegum sveitarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Helstu markmið eru:

- Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara á Blönduósi.
- Öldungaráð stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- Öldungaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarmál.

4. gr.

Skipan

Öldungaráðið er skipað 3 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og einn til vara Félag eldri borgara tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara. Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar. Þá getur öldungaráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Verkstjórn og verkaskipting

Formaður er í forsvari um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Öldungaráðið er vistað hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

6. gr.

Boðun funda og fundarsköp

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með sveitarstjórn og hagsmunaaðilum þegar svo ber undir. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Formaður öldungaráðsins boðar fundi, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Blönduósbæjar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

7. gr.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

Öldungaráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Öldungaráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum.